Siðmennt

Félag siðrænna
húmanista á Íslandi

Hallveigarstöðum
Túngötu 14
101 Reykjavík
sidmennt@sidmennt.is
sidmennt.is

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Nefndasvið

Reykjavík, 27. febrúar 2017

Efni: Umsögn Siðmenntar um tillögu til þingsályktunar um hjónavígslur og nafngiftir, 146. löggjafarþing 2016 - 2017. Þingskjal nr. 288. - 129. mál.

Álit Siðmenntar:
Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja þingsályktunina um að hjónavígsluréttindi og skráning nafngifta færist til borgaralegra embættismanna.

Rökstuðningur:
Siðmennt tekur undir megin röksemd fyrir breytingunni að hjónavígsla sé löggjörningur og að skráning á nafni barns eigi að vera á höndum embættismanna.

Þar sem gifting er löggjörningur er eðlilegt að þær færist til embættismanna eins og er víðast í Evrópu. Siðmennt tekur undir með flutningsmönnum að eftir að slík vígsla hefur átt sér stað geta hjónaefnin leitað blessunar í sínum trúsöfnuði eða notið þjónustu Siðmenntar.

Það er rétt sem flutningsmenn benda á að það er ekki boðlegt að það sé undir svokölluðu samviskufrelsi einstakra vígslumanna trúsafnaða að fólki sé mismunað á grundvelli kynhneigðar eða annars.

Rétt er að benda á að það er á ábyrgð foreldra að skrá nöfn barna sinna hjá Þjóðskrá og er það bundið í lögum. Sú skráning er nánast eingöngu rafræn í dag og er í umsjá foreldra, ekki athafnarstjóra.

Siðmennt og athafnir
Siðmennt öðlaðist jafna stöðu á við trúarleg lífsskoðunarfélög þann 3. maí 2013 þegar félagið hlaut skráningu sem veraldlegt lífsskoðunarfélag samkvæmt lögum

sem samþykkt voru á Alþingi þann 30. janúar 2013. Með skráningunni fengu athafnarstjórar félagsins einnig réttindi til að vera lögformlegir vígslumenn við giftingar. Breytt staða félagsins hefur bætt mikið réttarstöðu Siðmenntar sem veraldlegt lífsskoðunarfélag og er það því komið á par við réttindi trúfélaga með þeim skyldum sem því ber.

Hugmyndafræði félagsins var að ná jafnri stöðu á við önnur lífsskoðunarfélög, að siðrænn húmanismi yrði viðurkenndur sem lífsskoðun til jafns við trúarskoðanir og að staða félagsins yrði sú sama og trúfélaga.

Siðmennt var stofnað árið 1990 af foreldrum barna sem undirbjuggu fyrstu borgaralegu fermingu hér á landi árið 1989. Félagið hóf árið 2007 að bjóða upp á athafnastjórnun annarra félagslegra athafna, þ.e. nafngjafir barna, giftingar sem fram til 2013 voru táknræns eðlis þar sem þær voru ekki löggjörningur.



Fjöldi athafna fyrstu árin var lítill eða 11-12 en tvöfaldaðist síðan og hélt áfram að vaxa hratt og árið 2012 voru þær 42 talsins. Við skráningu Siðmenntar sem lífsskoðunarfélag varð veruleg breyting, eins og sjá má á mynd sem hér fylgir, en árið 2016 voru athafnir á félagsins 267. Árið 2017 horfir einnig vel en í febrúar er

Siðmennt

þegar búið að skrá 90 athafnir og því augljóst að eftirspurn eftir veraldlegum athöfnum er veruleg og fer vaxandi og hlutverk Siðmenntar er að mæta þeirri þörf.

Það er tvennt sem er athyglisvert við aukningu eftirspurnar eftir athöfnum Siðmenntar. Fyrir það fyrsta er framkvæmd nafngjafa val foreldra. Þau hafa möguleikann á að skrá nafn barns síns hjá Þjóðskrá og fyrir tveimur árum varð skráningin rafræn og einungis foreldrarnir geta því skráð þau.

Það er hins vegar þörfin fyrir félagslega athöfn (ritúal) sem virðist leitað eftir. Foreldrar geta því valið að framkvæma nafngjöfina sjálf eða leitað til Siðmenntar með fallega athöfn sem byggir á sammannlegum gildum. Fjöldi nafngjafa nánast þrefaldaðist á milli áranna 2013 og 2016.

Í dag eru starfandi 40 athafnastjórar sem þjónusta fólk en á síðasta ári bættust 17 við og náði félagið markmiði sínu að styrkja neta afhafna félagsins og auk höfuðborgarsvæðisins þá eru nú athafnarstjórar á Ísafirði, Dalvík, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum Höfn í Hornafirði og á Suðurlandi. Hluti af aukningu í giftingum hefur verið frá erlendum aðilum sem vilja húmaníska giftingu.

Giftingar og nafngjafir eru ekki fjárhagslegt atriði fyrir Siðmennt heldur fyrst og fremst valkostur fyrir fólk sem kýs persónulega, jákvæða, virðulega og fallega athöfn á veraldlega vísu.

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F. h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri